

GJALDSKRÁ

fyrir afgreiðslu og þjónustu vegna skipulags- og byggingarmála í Mýrdalshreppi.

1. gr.

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja framkvæmd sem byggingarleyfi er gefið út fyrir. Þó skal ekki innheimta byggingarleyfisgjald fyrir byggingar sem eru 7 m² eða minni, nema um viðbyggingar sé að ræða.

Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er lögboðin meðferð byggingarleyfiserinda, lóðarblöð, yfirferð teikninga, útmæling fyrir húsi og hæðarkóta og reglubundið eftirlit.

Byggingarleyfisgjald samkvæmt eftirfarandi töflu er innheimt við útgáfu byggingarleyfis:

Tegund byggingar	Grunngjald kr.	Rúmmetragjald kr./m ³
A Íbúðarhúsnæði og aðrar byggingar á íbúðarlóðum	15.000	100
B Iðnaðarhúsnæði	15.000	50
C Atvinnuhúsnæði, verslun, þjónusta o.þ.h.	20.000	100
D Fristundahús	5.000	100
E Útihús á lögbylum	5.000	80
F Stækkun húsnæðis, viðbyggingar, bílskúrar o.þ.h. 60 m ² eða minni	10.000	100
D Niðurrif húsa	5.000	0
H Endurnýjun eldra byggingarleyfis, óbreytt	5.000	0

2. gr.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld vegna byggingarerinda eru sem hér segir:

Tegund þjónustu:	Gjald kr.	Athugasemdir
1 Útgáfa stöðuleyfis, ásamt eftirliti og úttekt byggingarfulltrúa sem leiðir af veitingu stöðuleyfis fyrir hjólhýsi, gáma o.þ.h.	4.500	
2 Lóðarúthlutunargjald	15.000	Óendurkræft, þó lóðarúthlutun gangi til baka
3 Fokheldisvottorð	6.000	
4 Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	10.000	
5 Lokavottorð	10.000	
6 Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun	4.000	
7 Vottorð vegna vínveitingaleyfa	10.000	
8 Endurskoðun aðaluppdráttar	6.000	
9 Gerð stofnskjala vegna lóða *	3.000	Þegar hús er fokhelt
10 Aukaúttekt byggingarfulltrúa	10.000	

* Þinglýsingarkostnaður vegna lóðarleigusamninga og stofnskjala bætist við lið 9.

3. gr.

Einingarverð samkvæmt samþykkt þessari eru miðaðar við vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún er í janúar 2005 (304,7 stig) og reiknast á hverjum tíma í samræmi við gildandi byggingarvísitölu.

Öll gjöld samkvæmt 1. gr. eru, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign og eru aðfararhæf samkvæmt 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989.

Kostnaður lóðarhafa vegna lóðar sem er skilað eða byggingarleyfi afturkallað af vegna atriða er varða lóðarhafa, svo sem hönnunar- og rannsóknarkostnaður á lóðinni eða framkvæmdir unnar samkvæmt graftrarleyfi áður en byggingarleyfi er gefið út, er ekki endurgreiddur af sveitarfélaginu. Sé byggingarleyfi afturkallað vegna atriða er ekki varða lóðarhafa gilda ákvæði 5. mgr. 8. gr. varðandi endurgreiðslu kostnaðar til lóðarhafa. Þó skal hönnunar-kostnaður vegna byggingar og rannsóknarkostnaður á lóðinni ekki endurgreiddur.

Sé lóð afturkölluð eða byggingarleyfi felld úr gildi eftir að undirstöður eru fullgerðar, eða á síðari stigum byggingarframkvæmda, skal dómkveðja tvo matsmenn til að verðleggja þær framkvæmdir sem unnar hafa verið, enda hafi þær verið teknar út og viðurkenndar af byggingarfulltrúa. Kostnað vegna matsins greiða sveitarfélagið og lóðarhafi að jöfnu. Mýrdals-hreppur skal leysa til sín lóðina með mannvirkjum á grundvelli mats hinna dómkvöddu matsmanna að frádreginni hlutdeild lóðarhafa í kostnaði vegna matsgerðarinnar.

4. gr.

Byggingarleyfisgjald byggir á V. kafla skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, sbr. 26. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998.

Samþykkt þessi tekur gildi við birtingu.

Samþykkt af sveitarstjórn Mýrdalshrepps, 2. júní 2005.

Sveinn Pálsson sveitarstjóri.